

## REGLUGERÐ

### um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

#### 1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 25 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 50 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 79/1983 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknnum og röntgengreiningu.

#### 1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 100 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 100 hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 100 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulfeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. a. s. kr. 50 í hvert skipti.

#### 2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessu þætti.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett saman með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 76/1983 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*